

Fundargerð stjórnar BÍS 04/2012.

miðvikudaginn 15. febrúar 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar BÍS 03-2012: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu og fundargerð Úlfljótsvatnsráðs: Lágu frammi.
4. Innleiðing nýs starfsgrunns:
 - a. Útgáfa: Unnið er að því að ljúka útgáfu skátabókanna. Einnig er í undirbúningi útgáfa á staðfæringu írskrar bókar „Code of Good Practice“ auk þess sem undirbúa þarf útgáfu á kynningarhefti sem byggir á útdrætti úr foringjahandbókunum.
 - b. Svæðisforingjar: Endurskoða þarf innleiðingaráætlunina og skipta henni í smærri skref.
 - c. Næstu skref: Unnið er að undirbúningi fyrir starf vinnuhópa um rekstur skátafélaga. Nauðsynlegt er að fara yfir og byggja upp verkferla í hreyfingunni til að minnka hættu á því að þekking glatist þegar einstaklingar láta af störfum. Vinnuhópur um fullorðna í skátastarfi mun skila af sér á næsta fundi stjórnar.
5. Skátaping: Farið var yfir drög að dagskrá. Ákveðið að móttakan á laugardag verði fyrst og fremst fyrir þingfulltrúa.
6. Undirbúningur fyrir fund með SSR: Farið var yfir drög að dagskrá. Samþykkt að leggja til að gengið verði frá eignaskiptalýsingu Skátamiðstöðvarinnar og henni þinglýst.
7. Starfsmannamál BÍS: HS fór yfir.
8. Mótsstjóri World Scout Moot 2017: BAÁ kynnti hugmyndir að skipulagi undirbúningstímans. Samþykkt að auglýsa eftir mótsstjóra.
9. Norræna skátapingið: Rætt um þátttöku BÍS og HSG falð að gera tillögu og senda á stjórn.
10. Önnur mál:
 - a. Samstarfsverkefni við Girl Scouts USA: HSG kynnti fyrirspurn sem BÍS hefur borist frá Girl Scouts USA um samstarfsverkefni milli skátasveita byggt á aldamótamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er styrkt að ALCOA. Samþykkt að taka þátt.
 - b. Tengiliður WAGGGS-Europe við BÍS: Evrópustjórn WAGGGS hefur skipað nýjan tengilið við BIS og er það Nina Fleck, Svíþjóð, sem er nýkomin inn í stjórnina sem varamaður.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 18:50

Fundargerð ritaði JA.